7. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til allra prófasta á Íslandi, um fólkstölu.

1860. 16. febrúar.

Eptir skýrslu ríkisfræðisdeildarinnar var allt fólk í konungsríkinu Danmörku talið á ný 1. dag þessa mánaðar; en með því sá dagur þótti ekki hentugur til fólkstölu á Íslandi, eptir því sem þar hagar til og í hinum öðrum norðlægu löndum Danakonungs, er ákveðið, að þar skuli fólk talið 1. dag næstkomandi októbermánaðar. Á Íslandi þótti bezt henta, að telja eptir sóknum, áþekkt því, sem gjört hefir verið í Danmörku, á þann hátt, að hver prestur láti hreppstjóra eður annan mann í sókninni, er til þess sè fær, rita á eyðublöð, er til þess eru ætluð, íbúa sóknarinnar, og skal þar til greind tala heimilanna, nöfn manna, aldur, stètt o. s. frv., og að presturinn síðan semji eptir manntalstöflum þessum aðaltöflur fyrir sóknina, og sendi þar á eptir hvorttveggja prófasti, er aptur sendi það beina leið hinni íslenzku stjórnardeild, ásamt manntalsskrám og aðaltöflum fyrir sína eigin sókn. Það þótti og rèttast, að fólkstalan sè tekin eins og hún er 1. dag októberm. þ. á., svo að töflurnar sýni hina rèttu tölu landsbúa þann dag.

Stjórnardeildin sendir yður nú, herra prófastur, með brèfi þessu, reglur um fólkstölu, skýrsluform og eyðublöð, sem prentað er á íslenzku, og er það í flestum atriðum samkvæmt því, sem farið er eptir, þá fólkstala fer fram í sveitum í Danmörku; en skjöl þessi eru þau, er nú skal greina:

1. Reglur fyrir því, hvernig semja skuli manntalsskrárnar.
2. Skýrsluform til manntalsskránna.
3. Skýrsla um fólkstal.
4. Eyðublöð til aðaltaflna, er prestar eiga að semja yfir fólksfjölda í hverri sókn, og er þar við bætt reglum um það, hvernig semja skuli töflur þessar.

Eruð þèr beðnir að úthluta skjölum þessum meðal prestanna í prófastsdæmi yðar, eptir því sem með þarf í hverri sókn, og hafa gætur á, að málið fái góðan framgang í prófastsdæmi yðar, og að farið sè eptir reglum þeim, sem að ofan er á minnzt, og að svara fyrirspurnum þeim, er prestar kynnu að

1860. 16. febrúar. gjöra um rèttan skilning á reglunum — og fylgja því brèfi þessu til samanburðar, ef einhver vafi kynni að verða á, tvö expl. af reglum um manntal í sveitum í Danmörku o. s. frv. —; eruð þèr og beðnir að láta yður einkar annt um, að manntalsskrárnar og aðaltöflurnar frá öllum sóknum í prófastsdæmi yðar komist hingað með fyrstu póstskipsferð næsta ár.

---

17. febrúar. **8. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um ölmusur til prestaskólans í Reykjavík.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, eptir tilmælum stjórnarinnar, í brèfi dags. 10. maí í fyrra, látið í ljósi álit yðar um bænarskrá þá, sem alþing sendi hingað 1857 viðvíkjandi prestaskólanum í Reykjavík, þar sem beðið var um, að auk þeirra þriggja ölmusa, sem veittar eru úr ölmususjóði háskólans, yrði enn fremur úr ríkissjóðnum veittar þrjár ölmusur, jafnháar þeim, sem verið hafa.

Stjórnin hefur nú kynnt sèr álitsskjal þetta, og þótti henni ei að síður ísjárvert, að leggja þann kostnað á ríkissjóðinn, er af því leiddi, ef það fengist, sem um var beðið. Þar á móti hefur hún enn að nýju snúið sèr til háskólaráðsins í Kaupmannahöfn og spurt það, hvort nokkur von mundi til, að fleiri ölmusur gætu fengizt úr ölmususjóði háskólans handa prestaskólanum í Reykjavík.

Eins og sjá má af álitsskjölum háskólaráðsins, er hèr fylgja, hefur það þverneitað þessu, og sèr stjórnin því engan veg til að gjöra frekara í máli þessu. Eg hef ekki viljað láta hjálíða, að láta yður vita þetta.